

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Tryggvagata 15, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 18. júní 2025 tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi skóla- og sundhallarreits við Tryggvagötu 15 á Selfossi. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Tryggvagötu 13 og 15 sem tekur m.a. til stækkunar á sundlaugarsvæðinu ásamt viðeigandi fylgirýmum svo sem vaktturns, búningsklefa og tæknirýma auk geymslu og þjálfararýmis. Samhliða er lóðarmörkum breytt og nýtingarhlutfall hækkað innan svæðisins.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 25. nóvember 2025.

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar,
Vígfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 9. desember 2025